



20. desember 2022

Tilv.: 2211150

Dreifibréf númer: 42/2022
til innheimtuaðila, Neytendasamtakanna
fjármálafyrirtækja og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Drög að spurningu og svari í Spurt og svarað varðandi innheimtulög.

Eitt af hlutverkum fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) er að veita almennar leiðbeiningar og lýsa almennri afstöðu stofnunarinnar til túlkunar og fyllingar lagareglna sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila og um fjármálamarkaðinn. Til að mæta þeim kröfum, auka gagnsæi um framkvæmd eftirlits og veita eftirlitsskyldum aðilum og öðrum sem efnið varðar meira öryggi við beitingu laga og reglna gefur fjármálaeftirlitið meðal annars út spurningar og svör sem birt eru á heimasíðu fjármálaeftirlitsins

Seðlabanki Íslands hefur nú gefið út umræðuskjal nr. 20/2022 sem inniheldur drög að svari við fyrirspurn sem fjármálaeftirlitinu barst varðandi túlkun á 7. gr. innheimtulaga nr. 95/2008.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 11. janúar 2023. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á tölvupóstfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit

Páll Friðriksson
framkvæmdastjóri
markaðir og viðskiptahættir

Guðrúnhalla Danielsdóttir
lögfræðingur
skrifstofa bankastjóra

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kalkofnsvegi 1 101 Reykjavík www.sedlabanki.is 569 9600 sedlabanki@sedlabanki.is

